

kostnað. Hinn stefndi hefur á hinn bóginn krafizt, að hann verði dæmdur sýkn í þessu máli, og að honum verði dæmdur málskostnaður.

Hinn stefndi hefur að vísu á þann hátt, er hjer að framan er til greint, kannast við að hafa ritað grein þessa, en hefur þó undir rekstri málsins neitað því, að hann hafi tekizt á hendur ábyrgð fyrir hana, og að hann hafi gefið útgefanda og ábyrgðarmanni blaðsins heimild til þess að prenta hana í blaðinu.

Og með því nú rjetturinn án tillits til þessarar yfirlýsingar verður að álíta, að hinn stefndi höfundur greinarinnar því að eins geti borið ábyrgð fyrir hana, að hann, eins og tiltekið er í tilskipun 9. maí 1855 3. gr., hafi sagt til nafns síns sem höfundur á ritinu, en þetta hefur eigi verið gjört, og með því hið lögboðna skilyrði fyrir því, að hann verði látinn sæta ábyrgð fyrir innihald greinarinnar, þannig vantar, verður að dæma hann sýknan af kröfum áfrýjendanna og staðfesta dóm undirrjettarins. Málskostnaður fyrir yfirrjettinum fallur niður.

Að því leyti mál þetta hefur verið flutt með gjafsókn vottast, að meðferð málsins í hjeraði og hjer fyrir rjettinum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettarins dómur á óraskaður að standa.  
Málskostnaður við yfirrjettinn falli niður.

Mánudaginn 1. júlímán. 1878.

Nr. 36/1877: Jón Breiðfjörð og Ásbjörn Ólafsson.  
      geggn

Jóni Oddsyni og Guðmundi Hannessyni.

Dómur:

Mál það, sem hjer er undir áfrýjun, er höfðað í

hjeraði af bændunum Jóni Oddssyni í Krísvík og Guðmundi Hannessyni á Vigdísarvöllum gegn Jóni hreppstjóra Breiðfjörð og Ásbirni bónda Ólafssyni í Innri-Njarðvík til skaðabóta fyrir það, að hinir 2 síðarnefndu höfðu sem aðstoðarmenn lögreglustjórans í fjárkláðamálinu í desembermánuði 1875 tekið fje þeirra Jóns Oddssonar og Guðmundar Hannessonar á heimilum þeirra að þeim nauðugum og rekið það til Njarðvíkur en þar var það haft í gæzlu, þangað til það, eptir ráðstöfun nefnds lögreglustjóra, var selt til skurðar. Í máli þessu var kveðinn upp dómur fyrir aukarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 15. nóvembermán. 1876 með þeim úrslitum, að þeir Jón Breiðfjörð og Ásbjörn Ólafsson skyldu greiða sækjendunum andvirði hins tekna fjár eptir mati kunnugra og óvilhallra dómkvaddra manna, þó ekki meira en 1488 kr.; en þeim dómi hafa þeir Jón Breiðfjörð og Ásbjörn Ólafsson, að fenginni gjafsókn, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dagsettri 16. des. f. á.

Hinir stefndu hafa fyrst og fremst krafizt, að málinu verði vísað frá yfirdóminum fyrir þá sök, að áfrýjendurnir ekki hafi lagt fram fyrir yfirdóminum fullkomnar undirrettargjörðir, þar sem tvö rjettarskjöl, er lögð höfðu verið fram fyrir undirrettinum sem Nr. 17 og 18, ekki sjeu komin fram fyrir yfirdóminum in originali, heldur í eptirriti, en eptirrit þetta sje ekki samhljóða hinum upprunalegu skjölum. En með því að undirrettargjörðirnar bera með sjer, að skjöl þau, sem þar voru lögð fram sem Nr. 17 og 18, voru eptirrit eptir embættisbókum (lögreglupingbók lögreglustjórans í fjárkláðamálinu) og skjöl þau, sem í þeirra stað eru lögð fram fyrir yfirdóminum, eru eptirrit eptir sömu embættisbókum, gefin út og staðfest af manni, sem löggiltur var til þess af amtmanni, og með því að hinir



stefndu, sem hafa hin upprunalegu rjettarskjöl Nr. 17 og 18 í höndum, þrátt fyrir áskorun áfrýjendanna ekki hafa lagt nefnd skjöl fram til þess að sýna ósamkvæmni þá, er þeir byggja á frávisunarkröfu sína, nje heldur á annan hátt hafa fært sönnur á þessa ósamkvæmni, þá getur ósönnuð vefenging þeirra ekki komið til greina gegn vottorði löggilts embættismanns, og verður þessi frávisunarkrafa því ekki tekin til greina.

Í annan stað hafa áfrýjendurnir fyrst og fremst krafizt þess, að dómur undirrjettarins verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá rjetti fyrir þær sakir, að hjer eigi sjer stað óleyfileg málasamsteypa, er þeir ekki sjeu skyldir að láta sjer lynda. Þesssa kröfu áfrýjendanna verður yfirdómurinn að álíta á rökum byggða, þar sem hjer er í raun og veru um tvö sjálfstæð mál að ræða, annað: skaðabótamál af hendi Jóns Oddsonar í Krísvík gegn áfrýjendunum út af ólöglegri töku á fje Jóns, en hitt, skaðabótamál af hendi Guðmundar Hannessonar á Vigdísarvöllum gegn hinum sömu út af ólöglegri töku á fje Guðmundar, án þess að neitt annað samband virðist vera milli þessara 2ja mála, en að þau eru samkynja, en það er ekki nægilegt til að heimila samsteypu á málum sbr. kgsbr. 3 jan. 1755. Með því að áfrýjendurnir þannig virðast eiga heimtingu á, að hvor hinna stefndu höfði sitt skaðabótamál gegn þeim útaf fyrir sig, ber að taka aðalrjettarkröfu þeirra til greina og dæma dóm undirrjettarins ómerkan og vísa málinu frá undirrjettinum.

Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður, og málsfærslulaun hins skipaða talsmanns áfrýjendanna fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 20 kr., að greiðast úr opinberum sjóði. Að því leyti sem mál þetta er gjafsóknarmál hefur flutningur þess verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins í máli þessu á ómerkur að vera og vísast málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Hinum skipaða talsmanni áfrýjendanna fyrir yfirdóm-inum, Páli málaflutningsmanni Melsteð, bera 20 krónur í málsfærslulaun, er borgist honum úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 8. júlímán.

Nr. 9/1878:

Hið opinbera

gegn

Þorleifi Gíslasyni

Dómur:

Þar eð allar upplýsingar vantar í dómsgjörðum undirrjettarins um mörg af þeim atriðum, sem sýkna eða sakfelli hins kærða er undir komið, svo sem um aldur hins kærða, um það, hvort hann samkvæmt gildandi lögum sje skyldur að ganga í vist, og um það, hvort hann hafi haft heimtingu á að fá leyfisbrjef til lausamennsku borgunarlaust eða eigi, þá ber að dæma hinn áfrýjaða politirjettardóm ómerkan, og að vísa málinu heim aptur í hjerað til nýrrar og löglegri meðferðar.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði politirjettardómur á ómerkur að vera og vísast málinu heim aptur i hjerað til nýrrar og löglegri meðferðar.

Nr. 10/1878:

Rjettvísín

gegn

Rannveigu Jóhannesdóttur.

Dómur:

Eptir að mál var höfðað gegn ekkjunni Rannveigu